

## 6. Jarðrækt og fóðuröflun

Ingvar Björnsson

### Tíðarfar og uppskera

Þrátt fyrir að vetrarhiti væri nokkuð yfir meðaltali einkenndist veturinn af sveiflum líkt og vetur undanfarinna ára. Mjög úrkomusamt var í desember og reyndist úrkoman á Akureyri tvöföld meðalúrkoma. Þrátt fyrir mikil snjóalög í desember tók snjó upp að mestu fyrir jóla og í framhaldinu var þurr og hægviðrasamt. Reyndist veturinn fremur mildur Norðanlands þó nokkuð snjóaði í febrúar. Tún komu ágætlega undan vetri og ekki urðu teljandi kalskemmdir. Kornsáning var á hefðbundnum tíma og sáð var í kornræktartilraunir á Möðruvöllum þann 6. maí. Maí reyndist þurr með kuldatímabilum og ekki mjög hagstæður til sprettu. Júní reyndist óvenju hlýr en þurr eins og oft Norðaustanlands en mikið rigndi fyrri hluta júlímánaðar. Lentu þeir bændur sem ekki náðu að klára fyrri slátt fyrir mánaðarmótin júní-júlí í nokkrum vandræðum og var gras víða mikið sprottið við slátt. Ágúst reyndist hlýjasti sumarmánuðurinn norðaustanlands og september varð úrvalsmánuður og sannkallaður sumarauki. Fyrri hluta september voru hitamet slegin víða og reyndist tíðarfarið afskaplega hagstætt fyrir kornþroska. Þannig mældist hitinn 24,9 stig á Möðruvöllum þann 4. september og 22 stig 7. september og reyndist í báðum tilvikum um dagsmet að ræða á landsvísu (heimild: www.vedur.is).

Tafla 2. Uppskera 2010

Hreppur	Vothey m <sup>3</sup>	Þurrhey m <sup>3</sup>	Bygg, þurr, tonn*	Bygg, votv., tonn	Hálmur m <sup>3</sup>
Grímseyjarhreppur	113	0	0	0	0
Fjallabyggð	810	0	0	0	0
Dalvíkurbyggð	38.595	2.430	7	312	305
Arnarneshreppur	15.354	188	102	100	590
Hörgárbyggð	36.372	3.981	38	120	336
Akureyri	264	94	0	0	0
Eyjafjarðarsveit	79.870	15.579	524	553	1616
Svalbarðsstrandarhreppur	17.418	2.316	18	45	114
Grytubakkahreppur	12.584	1.408	69	86	168
<i>Samtals</i>	201.380	25.996	758	1.216	3.129
Árið 2009	191.000	27.783	1.770		
Þingeyjarsveit	52.412	12.380	261	429	1033
Skútustaðahreppur	10.861	766	6	12	0
Aðaldælahreppur	20.661	4.520	53	11	137
Tjörneshreppur	3.954	1.815	27	6	112
Norðurþing	22.759	4.098	3	31	41
Svalbarðshreppur	9.140	39	0	0	0
Langanesbyggð	6.558	0	0	0	0
<i>Samtals</i>	126.345	23.618	350	489	1.323
Árið 2009	137.046	20.784	703		
<i>Norðurland eystra</i>	327.725	49.614	1.108	1.705	4.452
Árið 2009	328.046	48.567	2.473		

\* Kornuppskera ársins 2009 var umreiknuð í tonn af þurrkuðu byggi.

Sumarið reyndist gott sprettusumar og úrvals kornár. Heyuppskera í Eyjafirði reyndist nokkru meiri en árið 2009 en heldur minni í Þingeyjarsýslum (tafla 2). Í heildina norðaustanlands var uppskera svipuð og tvö fyrri ár. Kornuppskeran var góð og jafn mikil og árið 2009 þrátt fyrir töluverðan samdrátt í sáningum.

## Heyefnagreiningar

Heysýnataka var með hefðbundnu sniði. Þeir sem óskuðu þess fengu poka og merkimiða fyrir hirðingarsýni en einnig voru tekin sýni úr rúllum og hlöðum að hausti. Tekið var á móti sýnum í Búgarði og þau þurrkuð, möluð og send til Landbúnaðarháskóla Íslands til efnagreininga og úrvinnslu mælinga.

Tekin voru 388 heysýni í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum árið 2010 á 103 bæjum (tafla 3). Heysýnum fjölgaði nokkuð á milli ára sem skýrist af því að átak var gert í töku heysýna hjá þingeyskum kúabændum.

Heygæði ársins 2010 voru heldur lakari en árið 2009, einkum var prótein og steinefnainnihald lægra en fyrra ár. Fóðurgildið var að jafnaði 0,79 FEm/kg þe. á svæðinu og heldur lakara í Þingeyjarsýslum en í Eyjafirði.

Tafla 3. Niðurstöður heyefnagreininga 2010

	Fjöldi búa	Fjöldi sýna	Meltan- leiki %	Fem/ kg/þe	Efnamagn, g í kg þurrefnis							
					Prótein	AAT	PBV	Ca	P	Mg	K	Na
Dalvíkurbyggð	7	25	68	0,77	162	69	41	3,6	2,9	2,3	17	1,9
Arnarneshreppur	5	24	70	0,79	148	71	25	3,2	2,5	2,0	19	1,0
Hörgárbyggð	10	54	70	0,80	169	77	34	3,7	2,8	2,5	18	0,7
Eyjafjarðarsveit	27	108	70	0,79	159	75	29	4,0	2,7	2,4	19	1,3
Svalbarðsströnd	7	39	71	0,81	172	72	47	3,7	2,8	2,4	18	1,4
Grýtubakkahreppur	6	15	68	0,77	162	76	30	3,7	2,7	2,4	16	1,0
<i>B.S.E.</i>	62	265	70	0,79	162	74	34	3,8	2,8	2,4	18	1,2
Árið 2009	66	267	70	0,79	167	73	40	4,0	2,9	2,4	18	0,9
Þingeyjarsveit	26	92	69	0,78	159	74	31	3,5	2,9	2,2	18	0,9
Mývatnssveit	5	16	68	0,76	168	72	44	5,4	3,3	2,9	17	2,3
Norðurþing	7	10	68	0,77	148	74	20	3,6	3,1	2,3	19	1,1
Tjörnes	3	5	67	0,75	146	76	11	2,7	2,6	2,0	18	1,0
<i>B.S.S.Þ. og B.S.N.Þ</i>	41	123	68	0,77	159	73	31	3,8	2,9	2,3	18	1,1
Árið 2009	31	102	69	0,78	161	73	34	4,0	2,9	2,5	17	1,2
<i>Norðausturland</i>	103	388	69	0,79	161	74	33	3,8	2,8	2,3	18	1,2
Árið 2009	97	369	69	0,78	165	73	38	4,0	2,9	2,4	18	1,0

## Kornræktin

Kornræktarárið 2010 skipar sér með bestu kornárum norðanlands ásamt árunum 2004 og 2008. Ræktunarkostnaður í kornræktinni hefur stigið jafnt og þétt og þegar leið á vetur mátti heyra á bændum að einhver samdráttur yrði í kornræktinni. Jarðvinnsla og sáning

gengu vel og víðast var sáð á bilinu 5.-15. maí. Sumarið var áberandi kaflaskipt en miklir þurrkar voru frá því seint í maí og fram í júlí. Þá skipti um og var úrkoma og dumbungur að miklu leyti út ágúst. Segja má að ekki hafi litið sérlega vel út með uppskeru um mánaðarmótin ágúst-september og græn hliðaröx voru mjög áberandi í kornökrum. Einmunablíða í september með hlýindum og sól gerði hins vegar mikið fyrir kornið og þegar til kom reyndist uppskeran mikil og vel þroskuð

Á Eyjafjarðarsvæðinu sáðu 48 aðilar korni og fækkaði kornbændum um 7 á milli árána 2009 og 2010. Sáð var í samtals 406 ha í samanburði við 546 árið áður þannig að samdráttur á svæðinu varð 26%. Uppskeran varð víðast góð en áberandi mikil inn til fjarðarins. Kornuppskera skv. forðagæslum samsvarar um 1.700 tonnum af þurru byggi og skv. því hefur meðaluppskera numið um 4,2 tonnum/ha af þurru korni. Athyglisvert er að þrátt fyrir fjórðungi færri hektara er heildaruppskeran nánast sú sama og árið 2009. Þarna ræður árferðið miklu en einnig sú staðreynd að kornbændur ná sífellt betri tókum á ræktuninni. Sífellt betur kemur í ljós að kornræktarland verður að velja vandlega, jarðvegur þarf að vera frjósamur, vatnheldinn og hlýr og forðast ber ræktun á sendnu landi og ófrjósömu. Með hækkandi kostnaði verður að leggja megináherslu á mikla uppskeru á flatareiningu og því þarf að vanda til verka á öllum sviðum.

Í Þingeyjarsýslum sáðu 43 kornbændur í 201 hektara. Þar var samdrátturinn í ræktun svipaður og í Eyjafirði þó kornbændum fækkaði einungis um einn. Svo virðist því sem Þingeyingar hafi almennt dregið úr umfangi ræktunarinnar. Uppskeyra skv. forðagæslu var um 700 tonn af þurru korni sem samsvarar 3,5 tonnum/ha af þurru korni að jafnaði. Líkt og í Eyjafirði er það svipuð heildaruppskera og árið 2009 þrátt fyrir verulegan samdrátt í sáningum.

Vaxandi hluti kornsins er þurrkaður. Í Eyjafirði eru starfandi þrjár þurrkstöðvar sem þurrkuðu um 750 tonn á árinu sem er tæplega helmingur uppskerunnar. Stór hluti þess byggs fer til vinnslu hjá Bústólpa á Akureyri. Í Suður-Þingeyjarsýslu eru tvær þurrkstöðvar auk þess sem nokkuð er þurrkað í heimaþurrkun. Ætla má að þar hafi verið þurrkuð um 350 tonn eða ríflega helmingur uppskerunnar. Allt korn í Norður-Þingeyjarsýslu er votverkað.

Hér að neðan má sjá þróun kornræktarinnar á svæðinu frá árinu 2002. Miklar sveiflur eru í ræktuninni en einkennandi er mikill samdráttur í kjölfar slæmra ára (t.d. 2006) og aukning í kjölfar góðra kornræktarára (t.d. 2009).

